

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 3. maí 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018 – 2024, 480. mál.

Með tölvupósti, dags. 20. apríl sl., óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Skógræktarinnar varðandi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2018 – 2024, 480. mál.

Íslensk stjórnvöld hafa markað sér stefnu um sjálfbæra þróun. Þar er gert ráð fyrir því að allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. hagrænar, félags- og umhverfislegar, liggi til grundvallar hverskonar stefnumótun í samfélaginu. Allir þættir þessara opinberu markmiða tengjast stefnu Íslands í skógrækt.

Í nóvember 2013 skipaði þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu. Hópurinn skilaði af sér lokaskýrslu í ágúst 2015 og ályktaði m.a. að „*Mikilvægt er að landshlutaáætlanir í skógrækt verði unnar í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt. Í þeim verði dregin verði fram sérstaða héraða og/eða landshluta varðandi skógræktarskilyrði og áherslur m.a. varðandi möguleika ræktunar nytjaskóga til að binda kolefni og möguleg áhrif á landslag og náttúrufar.*“ Það er því mikilvægt að auka samstarf milli sveitarfélaganna og Skógræktarinnar til að ná sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind Íslands á sjálfbæran hátt og til góða fyrir byggðir landsins. En einnig til að samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum um land allt. Einnig má nefna að eitt af verkefnum sóknaráætlunar í loftslagsmálum er að efla bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með skógrækt og landgræðslu.

Skógræktin gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða áætlun:

Kafli I - Framtíðarsýn og viðfangsefni.

Athugasemd: 1. másl. 4. mgr verður: Helstu viðfangsefni byggðaáætlunar verði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun og aðlögun er varðar einstakar atvinnugreinar, aðlögun og **aðgerðaáætlun** vegna áhrifa loftslagsbreytinga, að tryggja greiðar samgöngur og aðgengi að þjónustu og bregðast við harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki.

Kafli IV – Aðgerðaáætlun

B Tækifæri til atvinnu.

Varðandi orkumálin og aðgang að endurnýjanlegri orku í kafla B.2 -B.3., þá bendir Skógræktin á alla þá orku sem býr í skógum landsins og úrgangi frá landbúnaði. Með því að nýta þessa ónýttu auðlind má uppfylla staðbundna orkuþörf, sér í lagi til húshitunar, og nýta vatnsaflsorkuna í annað.

B.9 – Fjölbreytt atvinnutæki um allt land.

Verkefnismarkmið: Að stuðla að fjölbreyttum störfum og atvinnulífi sem víðast um landið. Skoðað verði þegar ný starfsemi hefst á vegum ríkisins að starfseminni verði valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda starfa og starfsstöðva sem settar verða á laggirnar utan höfuðborgarsvæðisins.

Dæmi um samstarfsaðila: Byggðastofun og Skógræktin.

Athugasemdir: Með eflingu græna hagkerfisins er hægt að standa undir atvinnusköpun og sjálfbærri byggðaþróun. Skógrækt getur aukið atvinnustarfsemi og bætt efnahag á landsbyggðinni, sérstaklega ef í kjölfarið fylgir staðbundinn úrvinnsluiðnaður og markaðssetning viðarafurða. Einnig er mikilvægt að samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum. Skógrækt stuðlar einnig að því að rýrt og rofið land byggji upp líffræðilega og efnahagslega framleiðni sem stuðlar að sjálfbærni í landnýtingu.

B.17 – Bújarðir í eigu ríkisins.

Verkefnismarkmið: Að móta eigendastefnu fyrir bújarðir í eigu ríkisins.

Gerð verði úttekt á nýtingu bújarða í eigu ríkisins. Að því loknu verði mótuð eigendastefna með það að markmiði að auðvelda fólki að hefja búskap og treysta innviði og búsetu í sveitum. Stefnt er að því að þingsályktunartillaga um eigendastefnu ríkisins verði lögð fram eigi síðar en 1. nóvember 2018.

Dæmi um samstarfsaðila: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Bændasamtök Íslands, Samtök ungra bænda, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skógræktin.

Athugasemdir: Skógræktin vísar í innsendar athugasemdir frá 27.02.2018 vegna þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál. Og ítrekar hvatningu sína um að gaumur verði gefinn að því að jarðir eða jarðarspildur í ríkiseign verði sem víðast nýttar til skógræktar, óháð því hvort jarðir í ríkiseign verði seldar einkaaðilum eða þær verði áfram í eigu ríkisins.

C. Sjálfbær þróun byggða um land allt.

C.9 – Náttúruvernd og efling byggða.

Verkefnismarkmið: Að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða.

Greind verði tækifæri og ávinningur í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu náttúruverndarsvæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Hugað verði að því að verulegur ávinningur getur falist í friðlýsingu svæða og rekstri þeirra, svo sem með stofnun þjóðgarða eða jarðvanga. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda fyrirtækja í náttúrutengdri ferðaþjónustu innan landshluta.

Dæmi um samstarfsaðila: Markaðsstofur, háskólar, atvinnuráðgjöf landshluta og **Skógræktin**.

Athugasemdir: Skógar auka fjölbreytni landslags í skóglitlum löndum. Skógrækt rýrir *ekki* möguleika Íslands til að taka á móti fleiri ferðamönnum: þvert á móti. Ferðafólk vill *bæði* fjallasýn og skjólgott umhverfi. Því stuðlar skógrækt að auknum möguleikum í ferðaþjónustu. Verndun náttúrulegu birkiskóganna og aukin útbreiðsla eru mikilvægir liðir í að vernda og efla líffjölbreytni. Jarðvegur er mikilvæg náttúruauðlind sem hefur rýrnað á stórum hluta Íslands sökum skógareyðingar og beitar. Skógur veitir betri vörn gegn vind- og vatnsrofi jarðvegs en annar gróður.

C.10 – Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.

Verkefnismarkmið: Að efla fagþekkingu þeirra sem vinna að uppbyggingu innviða í náttúrunni. Gæði uppbyggingar innviða verði aukin, dregið úr hættu á ónauðsynlegu raski og fjármagn nýtt betur með því að auka fagþekkingu á sviði hönnunar innviða í náttúrunni þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun gesta. Stutt verði við verkefni sem samræmast stefnu landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningar-sögulegum minjum 2018–2029.

Athugasemdir: Vart er hægt að hugsa sér sjálfbærari leið að uppbyggingu innviða í náttúrunni en að nýta efnivið sem fellur til við umhirðu skóga. Grisjunarvið má nýta til þess að búa til stíga, borð og bekki sem falla vel að náttúrunni. Með því að upplýsa um tilgang grisjunarinnar og vistspor innviðanna, er hægt að stuðla enn frekar að jákvæðri upplifun gesta.

Skógar og tré skapa auk þess sterk staðareinkenni og verða hluti af menningu hvers staðar og eru frábærar „kennslustofur“ til að efla umhverfisvitund einstaklinga á öllum aldri.

Að lokum minnir Skógræktin á nýlegt verkefni, *búskaparskógrækt í Húnaþingi vestra*. Með bréfi til skógræktarstjóra 24. október 2016 fól þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, Skógræktinni að hrinda í framkvæmd átaki í skógrækt í Vestur-Húnavatnssýslu, sem hefði það að markmiði að bæta skilyrði til búskapar og búsetu í dreifbýli í sýslunni. Verkefnið átti að fjölga tækifærum fyrir bændur, auka skógarþekju og um leið brúa bil milli skógræktar og hefðbundins landbúnaðar. Verkefnið var einnig hugsað sem skref íslensks land-

búnaðar í átt að kolefnishlutleysi. Verkefnið fór vel af stað og slík verkefni stuðla að bættum búskapar – og ræktunarskilyrðum og auki atvinnumöguleika til muna. Auk þess sem skógar draga úr loftslagsbreytingum, vernda og bæta jarðveg, skapa fjölbreytta notkunarmöguleika og stuðla að vexti græna hagkerfisins.

Virðingarfyllst, f.h. skógræktarstjóra

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir, skipulagsfulltrúi

hrefna@skogur.is

Gamla Gróðrarstöðin,
Krókeyri, 600 Akureyri
Gsm: 626-1016